

## Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

### 8. fundur 16. maí 2002

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs fimmtudaginn 16. maí 2002 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.30.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. - Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem send hafði verið út og var sem hér segir:

1. Starfsaðstaða fyrir fræðimenn.
2. Starfið framundan.
4. Önnur mál.

#### 1. Starfsaðstaða fyrir fræðimenn.

Stjórnarmenn skoðuðu tvö borð og stóla sem útvegað hafði verið svo að gestir safnsins geti tyllt sér þar niður þegar þörf krefur (sbr. 7. fg., 2. l.). Borðin eru á hjólum og því auðvelt að færa þau til þegar aðstæður krefjast. Búið var að setja upp spjöld til að merkja safnið betur (sbr. 7. fg., 2. l.). Vakin var athygli á að ákveða þyrfti afgreiðslutíma safnsins og héraðsskjalaverði falið að gera tillögu um hann.

#### 2. Starfið framundan.

Bætt hefur verið við hillum í skrifstofu héraðsskjalavarðar, en eins og mál standa nú virðist safnið sæmilega tækjum búið.

Héraðsskjalavörður gerði stjórninni grein fyrir gögnum sem safninu hafa þegar borist og þar eiga heima. Þeim þarf að koma fyrir og vinna úr þeim. Ennfremur taldi hann upp gögn sem væntanleg eru eða vitað er um og komið hefur til tals að safninu verði fengin til varðveislu. Er þar bæði um að ræða skjalagögn frá stofnunum bæjarins og öðrum stofnunum, félögum, fyrirtækjum og einstaklingum. Bókasafn Kópavogs hefur m.a. afhent safninu tiltekin skjalagögn og boðað að fleiri séu á leiðinni.

Til upplýsingar voru lögð fram eftirtalin gögn: afhendingarkvittun frá Bókasafni Kópavogs, dags. 7. febr. 2002; greinargerð um forvörslu og tölvuskráningu skjalasafns sr. Gunnars Árnasonar, dags. 26. apríl 2002; útprentun úr bókhaldi bæjarins um fjárhagsstöðu safnsins, dags. 15. maí; fundarboð Þjóðskjalasafns vegna fundar með héraðsskjalavörðum 10. maí, dags. 26. apríl 2002; drög að lögum Félags skjalavarða sem stofnað var á fundinum 10. maí.

Á þeim fundi kom fram að safninu er, eins og öðrum héraðsskjalasöfnum, gert að taka þátt í "Norrænum skjaladegi" 2002, en sameiginlegt þema hans í söfnum Norðurlanda er "verkalýðssaga".

Að gefnu tilefni var rætt um hvað liði hugmyndum um að afla safninu efnis til varðveislu frá gömlum Kópavogsbúum áður en það lendir í glatkistunni (sbr. 7. fg., 1. l.), en talið framkvæmdaratriði hvernig leitað verður eftir frekari gögnum.

#### 3. Önnur mál.

- a) Frá því var skýrt að nú hefði borist styrkframlag Þjóðskjalasafns (sbr. 7. fg., 1. l.) sem stjórn telur eðli málsins samkvæmt einboðið að renni *beint* til safnsins.
- b) Þar sem stjórninni er kunnugt um að bílastyrkur er yfirleitt hluti af kjörum allra héraðsskjalavörða landsins, en frá því hefur ekki enn verið gengið við héraðsskjalavörð Kópavogs óskar stjórnin eftir því að við hann verði samið um bílastyrk eins og margir aðrir forstöðumenn bæjarstofnana í Kópavogi njóta.
- c) Eldri fundargerðir voru samþykktar og staðfestar.

Fleira gerðist ekki.  
Fundu slitið kl. 18.30.

Hilmar Björgvinsson  
formaður

Hjörtur Pálsson  
ritari

Gylfi Gröndal  
Meðstjórnandi

Leó Ingason  
héraðsskjalavörður